

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða í Reykjavík
nr. 166 27. júní 1972.

1. gr.

Töluliður 1.5. í 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Árbæjar Apótek tekur hvorki þátt í vörslu á helgidögum, almennum fridögum né kvöld- og næturvörslu. Hins vegar skal það opið laugardaga kl. 9—12.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 38. gr. lyfsöslulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast gildi 1. júlí 1975.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

30. desember 1974.

Nr. 429.

REGLUGERÐ

um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum.

1. gr.

Stéttarfélag eða stéttarsambönd höfunda fara með almenna aðild til að semja við Ríkisútvarpið um greiðslur til höfunda fyrir verk, sem heimilt er að flytja í útvarpi án sérstaks leyfis höfundar hverju sinni, sbr. 23. gr. 1. mgr. höfundalaga nr. 73/1972, enda hafi þau áður öðlast löggildingu menntamálaráðuneytisins. Leita skal umsagnar höfundaréttarnefndar, sem skipuð er skv. 58. gr. höfundalaga, um umsóknir stéttarféлага um löggildingu. Stéttarfélagi höfunda, sem þegar hefur verið löggilt af menntamálaráðuneytinu, er heimilt að halda löggildingu sinni án nýrrar umsóknar.

2. gr.

Takist ekki samningar milli stéttarfélags og Ríkisútvarpsins um greiðslur til höfunda skv. 1. gr., geta aðilar, ef þeir eru sammála um það, lagt ágreininginn undir úrskurð 3ja manna gerðardóms, sbr. 2. mgr. 57. gr. höfundalaga, sbr. og reglur, sem ráðuneytið setur um störf dómsins.

3. gr.

Rétthafar ritverka og tónsmíða, sem hvorki eru meðlimir löggilts félags né hafa veitt því umboð til að gæta hagsmuna sinna, skulu njóta sama réttar og meðlimir félagsins að því er snertir fjárhæð greiðslu fyrir flutning verka þeirra.

Innheimtu og aðra hagsmunagæslu en að framan greinir annast félagið einungis samkvæmt umboði í samræmi við reglur eða samþykktir félagsins.

4. gr.

Stéttarfélagi höfunda, sem öðlast hefur umboð verulegs hluta íslenskra höfunda og hlótið löggildingu skv. 1. gr., skal heimilt að setja gjaldskrá um flutning verka utan Ríkisútvarpsins að því leyti sem höfundi ber þóknun fyrir flutning þeirra. Slík gjaldskrá er háð samþykki menntamálaráðuneytisins. Beiðni stéttarfélags um gjaldskrá skal lögð fyrir höfundaréttarnefnd til umsagnar. Eldri gjaldskrár, löglega settar fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skulu halda gildi sínu.